

Mál nr. 42/2013**M v/bifreiðarinnar A**

og

**Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við skemmdir á A
þegar bifreiðin B rann á A þann 03.12. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.02. 2013.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.02. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni B var lagt í stæði við hlið A í umrætt sinn. Bifreiðastæðið er í talsverðum halla. Mikil hálka var. Bifreiðin B rann til og olli skemmdum á A.

Vátryggingafélag B telur að tjónið eins og því er lýst, verði ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar B. Að því virtu telur félagið bótarétt ekki vera fyrir hendi. Félagið vísar máli sínu til stuðnings til niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 143/2012.

Vátryggingafélag A vísar til þess að ökumaður B hafi lagt bifreið sinni í mjög hálli brekku og yfirgefið bifreiðina. Nokkuð ljóst sé að bifreiðin var ekki í notkun en ökumanni B hefði mátt vera það ljóst að hætta skapaðist af því að leggja bifreiðinni á þessum stað í fljúgandi hálku sem gæti orðið til þess að bifreiðin færi af stað sem síðan varð raunin á og bifreiðin rann stjórnlaust á A. Félagið telur að þar sem ökumaður B hafi skilið bifreið sína eftir í þessum slæmu aðstæðum eigi ábyrgðartrygging bifreiðarinnar að bæta tjónið á A.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber skáður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. – 89. gr. laganna. Þá segir í 3. mgr. 90. gr. að auk ábyrgðar skv. 1. mgr. 90. gr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Bifreiðinni B var lagt í stæði í talsverðum halla og mikilli hálku. Bifreiðin rann af stað mannlæs og fór utan í bifreið A sem lagt var í stæði við hlið B og síðan áfram þar til hún stöðvaðist nokkuð neðar er hún hafnaði á vegg. Bifreiðin B er stór og þung pallbifreið.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar B. Ökumanni hennar hefði mátt vera ljós sú mögulega hætta sem fyrir hendi var, vegna þessa hefði hann átt að gæta aukinnar aðgæslu í umrætt sinn. Þessa gætti hann ekki.

Með vísan til framanritaðs og 3. mgr. 90. gr. sbr. umferðarlaga er fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi.

Reykjavík 19. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.